



Hverfisgötu 105, 2.h. • 101 Reykjavík • (+354)562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is

Skrifstofa Alþingis
b.t. nefndasvid@althingi.is
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 1

Reykjavík, 29.04.2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál.

Stjórn Fuglaverndar fagnar því að unnið sé að því að setja ramma þar sem ákveðið sé fyrirfram hvar megi ekki setja niður vindmyllur eða vindmyllugarða. Staðsetning vindmyllugarða er svo sannarlega vandmeðfarin þar sem vindmyllur sem slíkar eru lýti í landslagi og ógn við fugla.

Fuglavernd telur að undir engum kringumstæðum eigi að heimila vindmyllugarða á eða við mikilvæg fuglasvæði eða í farleiðum fugla og þessi svæði ættu að tilheyra flokki 1 í þingsályktunartillöggunni.

Því þarf að bæta við einum lið undir flokki 1:

1.9. Mikilvæg fuglasvæði. Undir þennan flokk falli mikilvæg fuglasvæði þar sem stuðst er við skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands og þau svæði sem sú stofnun hefur tilnefnt hverju sinni. Eins og er útlistað í lið 2.5.2. Skilgreiningu og upptalningu á þessum svæðum má finna hér.

<https://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi>.

Einnig ætti að fella undir flokk 1 mikilvægar farleiðir fugla, sérstaklega þegar um er að ræða annað hvort tegundir á válista eða ábyrgðartegundir Íslands.

Fuglavernd áréttar mikilvægi þess að fara hægt í sakirnar og rannsaka með fullnægjandi hætti hvernig fuglar nýta möguleg framkvæmdasvæði áður en leyfi til vindorkuvera er veitt.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Fuglaverndar
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri